

Akureyri, 25. október 2018

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Umsögn stjórnar Eyþings um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023, 172. mál.

Stjórn Eyþings lýsir yfir miklum vonbrigðum með að í fimm ára samgönguáætlun sé ekki gert ráð fyrir fjármögnun uppbyggingar Akureyrarflugvallar. Það samræmist hvorki byggðastefnu stjórnvalda né umræðu um mikilvægi þess að dreifa ferðamönnum um landið. Þá hvetur stjórn Eyþings ríkisstjórnina til að ljúka við löngu tímabæra eigendastefnu Isavia, ekki síðar en um áramótin 2018/2019.

Stjórn Eyþings fagnar áformum um uppbyggingu Dettifossvegar í samgönguáætlun en leggur áherslu á að mikilvægt er að tryggja fjármagn til áframhaldandi uppbyggingar annarra samgöngumannvirkja í landshlutanum. Sérstaklega verði horft til uppbyggingu vegar um Langanesströnd og Brekknaheiði.

Stjórn ítrekar mikilvægi almenningssamgangna á Eyþingssvæðinu og bendir á að framlögð samgönguáætlun gerir ekki ráð fyrir þeim fjármunum sem þarf til málaflokksins.

F.h. stjórnar Eyþings



Linda Margrét Sigurðardóttir
Verkefnastjóri